



Akraneskaupstaður
B.t. bæjarráðs
Stillholt 16-18
300 Akranes

Akranes, 20. ágúst 2021
KHÓ

Efni: Grunnforsendur vegna tekju- og gjalda fjárhagsáætlunar 2022

Í samræmi við forsendur fyrir vinnslu fjárheimilda fyrir árið 2022 og fjárhagsáætlunar til þriggja ára, sbr. minnisblað frá Sambandi Íslenskra Sveitarfélaga.

Hagstofu Íslands er falið það verkefni að gera þjóðhagsspá og venjan er að spá sé gerð að sumri sem fjárlagafrumvarp byggist á og sveitarfélög hafa nýtt til grundvallar fjárhagsáætlana sinna. Ákveðið var, án samráðs við Samband íslenskra sveitarfélaga, að ekki væri þörf á þjóðhagsspá að sumri og næsta spá mun því ekki birtast fyrr en 5. nóvember n.k. Er þetta gert vegna þess að kosningar eru í september mánuði og ekki því vitað hvenær fjárlagafrumvarp verður lagt fram. Mælst hefur verið til þess að sveitarfélögin gangi út frá spám hagstofunnar um efnahag þjóðarbúsins í heild við gerð fjárhagsáætlana og geri grein fyrir þeim forsendum sem að stefnumörkunin byggist á eins og segir í 8. gr. laga um opinber fjármál. Í reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga segir með beinum hætti í 17. gr. að við vinnslu fjárhagsáætlunar skuli sveitarfélög styðjast við þjóðhagsspár Hagstofu Íslands þar sem við á.

Vænt verðbólga

Í minnisblaði frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga varðandi forsendur fjárhagsáætlana 2022-2026 er sett fram eftirfarandi tafla um vænta verðbólgu 2021, 2022 og 2023. Spá Hagstofu Íslands frá því í mars 2021.

Meðaltal spá aðila fyrir árið 2022 nemur 2,5% . Lagt er til að nota því 2,5 % verðbólguþá í fjárhagsáætlun fyrir þá liði sem það á við.

Vænt verðbólga í %	2020	2021	2022	2023
Arion banki	2,8%	3,2%	2,4%	2,4%
Hagstofa Íslands	2,8%	3,3%	2,4%	2,4%
Íslandsbanki	2,8%	4,1%	2,6%	2,4%
Landsbankinn	2,8%	4,0%	2,5%	2,6%
Seðlabankinn	2,8%	4,1%	2,6%	2,5%
Meðaltal	2,8%	3,7%	2,5%	2,5%



Launaforsendur

Lagt er til að forsendur launa í fjárhagsáætlun fyrir árið 2022 verði gildandi kjarasamningar og þær launatöflur sem þeim fylgja. Nýjar launatöflur taka gildi 1. janúar 2022 í öllum gildum kjarasamningum nema í kjarasamningi grunnskólakennara, en hann gildir úr árið 2021. Lagt er til að áætlað fjármagn vegna þeirra sem taka laun samkvæmt kjarasamningi grunnskólakennara verði hækkað um 5,1 % en er það meðaltal af spám um hækkun launavísitölu fyrir árið 2022.

Lagt er til að áætluð laun vegna veikindalauna í veikindapotti verði endurskoðuð og hlutfall taki að einhverju leyti mið að greiningu sem er í vinnslu.

Tekjuforsendur

Áætluð íbúafjölgun

Áætluð fjölgun íbúa í fjárhagsáætlun Akraneskaupstaðar var 1,1% fyrir árið 2021 en var á árunum þar á undan áætluð 0,75 % til 1 % í takt við langtíma meðaltal á Akranesi. Meðalfólksfjölgun á Akranesi á tímabilinu 2010-2020 nam hinsvegar 1,2%. Þann 1. janúar 2020 var íbúafjöldi á Akranesi 7.525. Þann 25. ágúst er samkvæmt þjóðskrá 7.820 íbúar á Akranesi. Er það fjölgun um 3,77 % frá janúar 2020.

Vænt íbúafjölgun hefur áhrif á væntan útsvarstofn-/tekjuskattsstofn þar sem að væntur fjöldi ársverka ásamt væntri hækkun launavísitölu myndar vænta hækkun á tekjuskatts-/útsvarstofni sveitarfélagsins. Lagt er til að styðjast við varfærna fólksfjölgun sem nemur 2,2%.

Útsvarstekjur

Á grundvelli spá Hagstofu Íslands og bankastofnana um hækkun launavísitölu og þær forsendur að fjöldi vinnandi fólks á svæðinu, þ.e. Akranesi, haldist óbreyttur þá myndi hækkunin því nema áætlaðri hækkun launa (5,1%) ásamt áætlaðri fjölgun íbúa (2,2%) eða sem nemur 7,6%. Samband sveitarfélaga sendir út nánari áætlun hvað þetta varðar í lok október. Þegar sú áætlun hefur verið send til sveitarfélaga mun vera lagt mat á þá áætlun út frá staðbundnum forsendum og áætlun vegna útsvarstekna endurskoðuð.

Fasteignaskattur

Að óbreyttu álagningarhlutfalli ættu fasteignaskattar samtals (þ.e. A, B og C) að hækka um 39,4 m.kr. milli ára eða um 6,2% og myndi því nema samtals 670,6 m.kr. á árinu 2022. Fasteignamat eigna á Akranesi er að hækka um 3% milli ára. Frá fjárhagsáætlunargerð ársins 2021 hefur heildar fasteignamat eigna hækkað um 6,35% en inni í þeirri hækkun er fjölgun á eignum. Fastanúmerum á Akranesi hefur fjölgað um 54 en það er fjölgun sem átt hefur sér stað frá 1. júlí 2020 til 30. júní 2021.



Akraneskaupstaður

Eftirfarandi töflur sýna hver álagningarhlutföll eru hjá sveitarfélaginu og hvað er leyfilegt að það sé að hámarki. Seinni taflan sýnir hver álögð fasteignagjöld yrðu með hámarks álagningu.

Fasteignaskattar	Núverandi álagningarhlutföll	Grunnálagning - má vera allt að	Hámarks álagning m. 25% álagi.
A - flokkur	0,2514%	0,5000%	0,6250%
B - flokkur	1,3200%	1,3200%	1,3200%
C - flokkur	1,4000%	1,3200%	1,6500%

Fasteignaskattar	Núverandi álagningarhlutföll	Grunnálagning - má vera allt að	Hámarks álagning m. 25% álagi.
A - flokkur	320.611.276	637.651.702	797.064.628
B - flokkur	103.622.046	103.622.046	103.622.046
C - flokkur	246.404.932	232.324.650	290.405.813
Samtals	670.638.254	973.598.398	1.191.092.487
Breyting frá 2021 í %	6,24%	54,23%	88,68%
Breyting frá 2021 í kr.	39.371.254	342.331.398	559.825.487

Í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 er tekið fram að útgjaldajöfnunarframlag skuli skert ef tekjustofnar séu ekki fullnýttir (útsvar og fasteignaskattar). Tekjujöfnunarframlag er einungis reiknað ef sveitarfélag fullnýtir heimild sína til álagningar útsvars.

Gjöld

Lagt er til að almennt sé ekki hækkun á gjöldum í takt við vænta hækkun vísitölu neysluverðs eins og gert hefur verið undanfarin ár. Skoða þarf þó sérstaklega gjaldaliði þar sem samningar eru bakvið og nauðsynlegt sé að hækka miðað við vísitölu eða skuldbindingu. Skoða þarf sérstaklega gjaldaliði þar sem nýjar rekstrareiningar hafa bæst við sem dæmi fimleikahús Vesturgötu og þjónustumiðstöð Dalbraut.

Afskriftir

Upplýsingar um afskriftir koma út úr eignakerfi bókhalds.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar

Kristjana Helga Ólafsdóttir

Deildarstjóri fjármála